

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Lindar hf. um Jean Pierre Jacquillat, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. september 1987.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Lindar hf. um Jean Pierre Jacquillat

Í samræmi við ákvörðun stjórnar Lindar hf. hinn 30. janúar 1987 setur stjórn Lindar hf. Minningarsjóði Jean Pierre Jacquillat eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Lindar hf. um J. P. Jacquillat.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja tónlistarfólk til að afla sér meiri menntunar og reynslu á sínu sviði.

3. gr.

Nettótekjum sjóðsins skal árlega varið í þessum tilgangi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er 500.000 krónur. Stofnfé skal aukið með árlegu framlagi frá Lind hf., næstu 4 ár um upphæð sem er ekki lægri en upphaflegt framlag. Stofnfé sjóðsins má eigi skerða að raungildi. Sjóðurinn getur leitað eftir gjafafé og öðrum framlögum frá utanaðkomandi aðilum. Sjóðinn ber að ávaxta með tryggum hætti.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og öðrum eignum sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé og ávaxtast með sama hætti. Stjórnunarkostnaðar greiðist af tekjum sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 4 menn: 3 skipaðir af stjórn Lindar hf. og Cecile Jacquillat skal vera 4. meðlimur svo lengi sem hún óskar. Að henni frágenginni má bjóða einhverjum meðlimi í fjölskyldu Jacquillat sæti í stjórn sjóðsins. Heimilt er að bæta við einum stjórnarmanni ef slíkt er talið æskilegt. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðun sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn tekur ekki laun.

7. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar einum eða fleiri styrkjum úr sjóðnum árlega. Séu forsendur úthlutunar af einhverjum ástæðum ekki fyrir hendi leggst ráðgerð úthlutunarupphæð við höfuðstól sjóðsins.

8. gr.

Styrki úr sjóðnum skal auglýsa lausa til umsóknar minnst tveimur mánuðum fyrir úthlutun.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningskilum skal lokið innan þriggja mánaða frá lokum almanaksársins. Reikningar skulu undirritaðir af endurskoðanda Lindar hf.

10. gr.

Hætti Lind hf. starfsemi skulu eigendur Lindar hf. tilnefna stjórn sjóðsins sameiginlega (þ.e. Samvinnubanki Íslands, Samvinnusjóður Íslands og Banque Indosuez, Paris).

11. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari ef hún er einhuga um breytinguna. Nafni sjóðsins má þó aldrei breyta.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um bann við upprekstri sauðfjár á afrétti í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Landbúnaðarráðuneytið hefur, samkvæmt heimild í 5. mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, ákveðið að banna upprekstur sauðfjár á afrétti í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Bann þetta gildir frá 1. október n.k. og til ársloka 1987.

Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 43. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 40. gr. l. nr. 10/1983.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. september 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1988–1989.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Framleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum búvöruframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga reiknuð í ærgildum, sem ákveðin er fyrir lögbýli eða framleiðendur búvöru utan lögbýla skv. reglugerð nr. 291/1987.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 18,2 kg af kindakjöti og tilsvarendi magn af slátri og gærum.